<sup>(6)</sup> Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um samstarf í EFTA-neti samkeppnisyfirvalda, Stjótd. ESB C 227, 21.9.2006, bls. 10, og EES-viðbætur við Stjótd. ESB nr. 47, 21.9.2006, bls. 1.



## II. BEITING LANDSDÓMSTÓLA Á SAMKEPPNISREGLUM EES-SAMNINGSINS

### A. VALD LANDSDÓMSTÓLA TIL AÐ BEITA SAMKEPPNISREGLUM EES-SAMNINGSINS

3. Landsdómstólar hafa, að því marki sem þeir hafa lögsögu til að fjalla um hvert mál, <sup>(7)</sup> vald til að beita 53. og 54. gr. EES-samningsins <sup>(8)</sup>. Jafnframt er rétt að hafa í huga að 53. og 54. gr. EES-samningsins varða almannahagsmuni og hafa grundvallarþýðingu í tengslum við það að ná markmiðum EES-samningsins, en eitt þeirra er að koma á kerfi sem tryggir að ekki verði röskun á samkeppni og að samkeppnisreglur séu virtar <sup>(9)</sup>. Af dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna leiðir að sé landsdómstólum skylt samkvæmt landsrétti að taka til umfjöllunar að eigin frumkvæði laga­leg atriði sem byggjast á bindandi ákvæðum landslaga, þótt málsaðilar hafi ekki vísað til þeirra, nær sú skylda einnig til bindandi ákvæða bandalagsréttar, svo sem samkeppnisreglna. Sama á við ef landsdómstólar hafa að landsrétti heimild til að beita bindandi lagaákvæðum að eigin frumkvæði: Landsdómstólum ber að beita samkeppnisreglum enda þótt sá málsaðili, sem hefur hag af beitingu slíkra ákvæða, hafi ekki byggt málflutning sinn á þeim, ef landsdómstólum er heimilt samkvæmt landslögum að beita reglunum á þann hátt. Landsdómstólum er aftur á móti ekki skylt samkvæmt bandalagsrétti að taka að eigin frumkvæði upp brot á ákvæðum bandalagsréttar ef rannsókn á því máli krefst þess að þeir segi skilið við það óvirka hlutverk sem þeim er ætlað með því að leita út fyrir atvik málsins, eins og málsaðilar hafa skilgreint þau sjálfir, og taka mið af öðrum staðreyndum og aðstæðum en þeim sem lögð eru til grundvallar af hálfu þess málsaðila sem hefur hag af beitingu slíkra ákvæða <sup>(10)</sup>. Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA hvílir sams konar skuldbinding á landsdómstólum í EFTA-ríkjunum að því marki sem EES-reglur af þessu tagi hafa verið leiddar í landslög <sup>(11)</sup>.
4. Allt eftir þeim hlutverkum, sem landsdómstólar sinna samkvæmt landslögum, getur beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins komið til þeirra kasta í stjórnsýslumálum, einkamálum eða refsímálum <sup>(12)</sup>. Landsdómstólar hafa einkum sérstöku hlutverki að gegna í tengslum við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins þegar einstaklingur eða lögaðili leitar réttar sins fyrir slíkum dómstóli, en það hlutverk er frábrugðið því hlutverki Eftirlitsstofnunar EFTA og samkeppnisyfirvalda í EFTA-ríkjunum að beita þessum ákvæðum í almannáþágu <sup>(13)</sup>. Þannig geta landsdómstólar beitt 53. og 54. gr. EES-samningsins með því að ógilda samninga eða dæma málsaðila skaðabætur.
5. Landsdómstólar geta beitt 53. og 54. gr. EES-samningsins án þess að nauðsynlegt sé að beita jafnframt samkeppnisákvæðum landsréttar. Ef landsdómstóll beitir samkeppnisákvæðum landsréttar gagnvart samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja eða samstilltum aðgerðum, sem geta haft áhrif á viðskipti milli ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins <sup>(14)</sup>, eða gagnvart misnotkun sem er óheimil samkvæmt 54. gr. EES-samningsins, ber þeim hins vegar að beita einnig samkeppnisreglum EES-samningsins gagnvart slíkum samningum, ákvörðunum eða aðgerðum <sup>(15)</sup>.

<sup>(7)</sup> Lögsaga landsdómstóls ræðst af reglum um lögsögu sem gilda í hlutaðeigandi ríki, samkvæmt EES-samningum og alþjóðareglum um lögsögu.

<sup>(8)</sup> Sjá 6. gr. II. kafla.

<sup>(9)</sup> Sjá e-lið 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins, en samkvæmt honum er nauðsynlegt, í því skyni að ná markmiðum EES-samningsins, að koma á kerfi sem tryggir að samkeppni raskist ekki og að reglur þar að lútandi verði virtar af öllum, mál E-8/00 Landsorganisasjonen i Norge ásamt Norsk Kommuneforbund, EFTA Court Report [2002], bls. 114, 40. mgr.

<sup>(10)</sup> Sameinuð mál C-430/93 og C-431/93 van Schijndel [1995] ECR I-4705, 13–15. og 22. mgr.

<sup>(11)</sup> Öðru máli gegnir þegar um ræðir EES-reglur sem hafa ekki verið leiddar í landslög. Af ákvæðum 7. gr. EES-samningsins og bókunar 35 við hann leiðir að EES-löggjöf felur ekki í sér afsal löggjafarvalds. Samkvæmt bókun 35 er EFTA-ríkjunum aftur á móti skylt að tryggja, með sérstöku lagaákvæði ef þörf gerist, að komi til áreksra milli EES-reglna, sem komnar eru til framkvæmda, og annarra settra laga skuli EES-reglurnar gilda. Þannig felur EES-löggjöf ekki í sér kröfu um að einstaklingar og fyrirtæki geti fyrir landsdómstólum vísað beint til EES-reglna sem hafa ekki verið leiddar í landslög. Aftur á móti er það fölgandi í hinu almenna markmiði EES-samningsins að mynda framsækin og einsleitán markað, þeirri áherslu á réttarvernd og fullnustu einstaklingsréttinda sem af því markmiði leiðir og þeirri lagareglu þjóðaréttar að gæta skuli skilvirkni að landsdómstólar munu við túlkun landsréttar hafa hliðsjón af öllum þeim ákvæðum EES-réttar sem máli skipta, hvort sem þau hafa verið leidd í landslög eða ekki, sjá mál E-4/01 Karl K. Karlsson, EFTA Court Report [2002], bls. 240, 28. mgr.

<sup>(12)</sup> Samkvæmt síðasta málslið 8. inngangslíðar reglugerðar (EB) nr. 1/2003 á reglugerðin ekki við um landslög þar sem einstaklingar eru látnir sæta refsivíðurlögum, nema að því marki sem framkvæmd samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum byggist á slíkum víðurlögum. Það er áliti Eftirlitsstofnunar EFTA að með sama hætti eigi ákvæði II. kafla ekki við um landslög í EFTA-ríkjunum þar sem einstaklingar eru látnir sæta refsivíðurlögum, nema að því marki sem framkvæmd samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum byggist á slíkum víðurlögum.

<sup>(13)</sup> Mál T-24/90 Automec [1992] ECR II-2223, 85. mgr.

<sup>(14)</sup> Um nánari skýringar á hugtakinu áhrif á viðskipti sjá tilkynningu sem fjallar um það efni (Stjtið. ESB C 291, 30.11.2006, bls. 46, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 59, 30.11.2006, bls. 18).

<sup>(15)</sup> Sjá 1. mgr. 3. gr. II. kafla.

6. Ákvæði II. kafla veita landsdómstólum ekki aðeins vald til að beita samkeppnisreglum EES-samningsins. Samhliða beiting samkeppnisákvæða landsréttar gagnvart samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja og samstilltum aðgerðum, sem hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins, má ekki leiða til annarrar niðurstöðu en þegar samkeppnisreglum EES-samningsins er beitt. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. II. kafla er einnig óheimilt að setja í samkeppnisrétt einstakra ríkja bann við samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum ef með þeim er ekki brotið gegn 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða ef skilyrðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins er fullnægt<sup>(16)</sup>. Á hinn bóginn er mælt fyrir um það í EES-samningnum að komi til árekstra þegar ákvæðum landsréttar og EES-réttar er beitt samtímis skuli ákvæði EES-réttar ráða. Því er óheimilt að viðurkenna á grundvelli landsréttar samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir sem brjóta gegn 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og fullnægja ekki skilyrðum 3. mgr. 53. gr.<sup>(17)</sup> Ekki er kveðið á um samsvarandi samleitni í 3. gr. II. kafla að því er varðar samhliða beitingu samkeppnisákvæða landsréttar og 54. gr. EES-samningsins gagnvart einhliða athæfi. Leiði ólík ákvæði til árekstra ber þó að gera landsdómstólum skyld að víkja til hliðar hverju því ákvæði landsréttar sem brýtur í bága við EES-reglu sem leidd hefur verið í landslög, og skiptir þá engu hvort það ákvæði landsréttar varð að lögum fyrr en EES-reglan eða seinna<sup>(18)</sup>.
7. Auk 53. og 54. gr. EES-samningsins hafa landsdómstólar vald til að beita gerðum sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn, dómum EFTA-dómstólsins og ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA. Landsdómstólar geta því þurft að fullnusta ákvarðanir eftirlitsstofnunarinnar<sup>(19)</sup> eða gerðir sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn, ef þær varða beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða, jafnframt ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar. Þegar landsdómstólar beita þessum samkeppnisreglum EES-samningsins vinna þeir á grundvelli EES-réttar og þurfa þá einnig að hafa hliðsjón af grundvallarreglum EES-réttar<sup>(20)</sup>.
8. Beiting landsdómstóla á 53. og 54. gr. EES-samningsins ræðst iðulega af flóknu mati á efnahagslegum og lagalegum atriðum<sup>(21)</sup>. Þegar landsdómstólar beita samkeppnisreglum EES-samningsins ber þeim að taka mið af rótgrónum reglum EES-réttar<sup>(22)</sup> svo og gerðum sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn og varða beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða<sup>(23)</sup>. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur beitt 53. og 54. gr. EES-samningsins í tilteknu máli bindur það jafnframt hendur landsdómstóla þegar þeir beita samkeppnisreglum EES-samningsins í sama máli samhliða eftirlitsstofnuninni eða í kjölfar umfjöllunar hennar<sup>(24)</sup>. Með svipuðum hætti ber landsdómstólum að taka mið af beitingu framkvæmdastjórnarinnar á 53. og 54. gr. EES-samningsins í tilteknu máli þegar þeir beita samkeppnisreglum EES-samningsins í sama máli samhliða framkvæmdastjórninni eða í kjölfar umfjöllunar hennar. Loks er þess að geta, með fyrirvara um endanlega túlkun EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópubandalaganna á EES-samningnum, að landsdómstólar geta tekið mið af ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar og gerðum sem felldar hafa verið inn í samninginn ef í þeim er að finna hliðstæður við málið sem þeir hafa til umfjöllunar, auk tilkynninga og leiðbeininga eftirlitsstofnunarinnar sem varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins<sup>(25)</sup>.

<sup>(16)</sup> Sjá einnig tilkynningu um beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins (biður birtingar).

<sup>(17)</sup> Sjá í þessu tilliti mál E-1/94 Restamark, 4. nmgr. hér á undan, og mál 14/68 Walt Wilhelm [1969] ECR I og sameinuð mál 253/78 og 1-3/79 Giry og Guerlain [1980] ECR 2327, 15.-17. mgr.

<sup>(18)</sup> Sjá í þessu tilliti mál E-1/94 Restamark, 4. nmgr. hér á undan, og mál C-198/01, Consorzio Industrie Fiammiferi (CIF) [2003] 49. Sjá einnig 11. nmgr. hér á undan.

<sup>(19)</sup> T.d. er unnt að biðja landsdómstól að fullnusta ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA sem tekin hefur verið í samræmi við 7.-10. gr., 23. gr. og 24. gr. II. kafla.

<sup>(20)</sup> Sjá t.d. mál 5/88 Wachauf [1989] ECR 2609, 19. mgr.

<sup>(21)</sup> Sameinuð mál C-215/96 og C-216/96 Bagnasco [1999] ECR I-135, 50. mgr.

<sup>(22)</sup> Sjá 4. nmgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(23)</sup> Mál 63/75 Fonderies Roubaix [1976] ECR 111, 9.-11. mgr. og mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 46. mgr.

<sup>(24)</sup> Um samhliða eða samhangandi beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins af hálfu landsdómstóla og eftirlitsstofnunarinnar sjá einnig 11.-14. mgr.

<sup>(25)</sup> Mál 66/86 Ahmed Saeed Flugreisen [1989] ECR 803, 27. mgr., og mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 50. mgr. Skrá um leiðbeiningar og tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppnismála ásamt lagagerðum, sem felldar hafa verið inn í EES-samninginn og varða beitingu 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða, er að finna í viðauka við þessa tilkynningu.

B. MÁLSMEÐFERÐ Í TENGLUM VIÐ BEITINGU LANDSDÓMSTÓLA Á SAMKEPPNISREGLUM EES-SAMNINGSINS

9. Um málsmeðferð í tengslum við framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins af hálfu landsdómstóla og viðurlög, sem þeir geta beitt vegna brota á þeim reglum, fer að mestu eftir ákvæðum landsréttar. Skilyrði fyrir framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins ráðast þó að nokkru af ákvæðum EES-réttar. Samkvæmt samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól geta landsdómstólar nýtt sér ýmis úrræði, til að mynda geta þeir leitað eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA á ýmsum úrlausnarefnum er varða beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins <sup>(26)</sup>. Dómstólarnir geta einnig sett reglur sem hafa sjálfkrafa áhrif á meðferð mála sem tekin eru fyrir, til dæmis þannig að eftirlitsstofnuninni og samkeppnisyfirlitum í EFTA-rikinum sé heimilt að leggja fram skriflegar athugasemdir <sup>(27)</sup>. Þessi ákvæði EES-réttar skulu ganga framar ákvæðum landsréttar <sup>(28)</sup>.
10. Þar eð engin ákvæði er að finna í EES-rétti um málsmeðferð og viðurlög í tengslum við framkvæmd samkeppnisreglna EES-samningsins fyrir landsdómstólum fer um málsmeðferð samkvæmt landsrétti og dómstólarnir beita jafnframt viðurlögum samkvæmt landsrétti að því marki sem þeir hafa vald til. Slíkum ákvæðum landsréttar ber þó að beita í samræmi við grundvallarreglur EES-réttar. Í því tilliti er gagnlegt að rífa upp dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins og Dómstóls Evrópubandalaganna, en samkvæmt henni gildir eftirfarandi:
- Þegar um ræðir brot gegn ákvæðum EES-réttar skal í landsrétti kveðið á um viðurlög sem eru skilvirk, í samræmi við meðalhóf og hafa varnaðaráhrif <sup>(29)</sup>.
  - Þegar brot gegn ákvæðum EES-réttar veldur einstaklingi skaða skal honum gert kleift að uppfylltum tilteknum skilyrðum að krefjast skaðabóta fyrir landsdómstóli <sup>(30)</sup>.
  - Reglur um málsmeðferð og viðurlög, sem landsdómstólar beita í tengslum við fullnustu EES-réttar,
    - mega ekki gera slíka fullnustu torvelda um of eða óframkvæmanlega í reynd (reglan um skilvirkni) <sup>(31)</sup> og
    - mega ekki vera óhagstæðari en reglur sem gilda um fullnustu hliðstæðra ákvæða landsréttar (reglan um jafngildi) <sup>(32)</sup>.

Vegna þeirrar reglu að innleiddar EES-reglur skuli ganga framar ákvæðum landsréttar <sup>(33)</sup> er landsdómstólum óheimilt að beita ákvæðum í landsrétti sem eru ósamrýmanleg þessum megin-sjónarmiðum.

C. SAMHLIÐA EÐA SAMHANGANDI BEITING SAMKEPPNISREGLNA EES-SAMNINGSINS AF HÁLFU EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA OG LANDSDÓMSTÓLA

11. Hugsast getur að landsdómstóll beiti ákvæðum EES-samkeppnisréttar gagnvart samningi, ákvörðun, samstilltri aðgerð eða einhliða athæfi, sem hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðilanna, samtímis umfjöllun Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(34)</sup> eða í kjölfar slíkrar umfjöllunar <sup>(35)</sup>. Í eftirfarandi málsgreinum er gerð grein fyrir sumum af þeim skyldum sem landsdómstólum ber að hlíta við þær aðstæður.

<sup>(26)</sup> Um möguleika landsdómstóla á að óska eftir álit Eftirlitsstofnunar EFTA sjá enn frekar 27.–30. mgr.

<sup>(27)</sup> Um framlagningu athugasemda sjá enn fremur 31.–35. mgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(28)</sup> Sjá 3. mgr. og 11. nmgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(29)</sup> Mál 68/88 framkvæmdastjórnin gegn Grikklandi [1989] ECR 2965, 23.–25. mgr.

<sup>(30)</sup> Um bætur, sem dæmdar hafa verið vegna brots EFTA-rikis, og um skilyrði fyrir slíkri bótaskyldu sjá mál E-9/97 Erla María Sveinbjörnsdóttir, EFTA Court Report [1995], bls. 95, 66. mgr., og mál E-4/01 Karl K. Karlsson hf., sjá 11. nmgr. hér á undan. Um bætur, sem dæmdar hafa verið vegna brots fyrirtækis, sjá mál C-453/99 Courage og Crehan [2001] ECR 6297, 26. og 27. mgr. Um bætur, sem dæmdar hafa verið vegna brots aðildarríkis EB eða stjórnvalds sem sækir valdheimildir sínar til ríkisins, og um skilyrði fyrir slíkri bótaskyldu ríkisins sjá t.d. sameinuð mál C-6/90 og C-9/90 Francovich [1991] ECR I-5357, 33.–36. mgr., mál C-271/91 Marshall gegn Southampton og South West Hampshire Area Health Authority [1993] ECR I-4367, 30. og 34.–35. mgr., sameinuð mál C-46/93 og C-48/93 Brasserie du Pêcheur og Factortame [1996] ECR I-1029, mál C-392/93 British Telecommunications [1996] ECR I-1631, 39.–46. mgr. og sameinuð mál C-178/94, C-179/94 og C-188/94 til 190/94 Dillenkofer [1996] ECR I-4845, 22.–26. og 72. mgr.

<sup>(31)</sup> Sjá t.d. mál E-4/01 Karl K. Karlsson hf., sjá 11. nmgr. hér á undan, 33. mgr., mál 33/76 Rewe [1976] ECR 1989, 5. mgr., mál 45/76 Comet [1976] ECR 2043, 12. mgr., og mál 79/83 Harz [1984] ECR 1921, 18. og 23. mgr.

<sup>(32)</sup> Sjá t.d. mál E-4/01 Karl K. Karlsson hf., sjá 11. nmgr. hér á undan, 33. mgr., mál 33/76 Rewe [1976] ECR 1989, 5. mgr., mál 158/80 Rewe [1981] ECR 1805, 44. mgr., mál 199/82 San Giorgio [1983] ECR 3595, 12. mgr., og mál C-231/96 Edis [1998] ECR I-4951, 36. og 37. mgr.

<sup>(33)</sup> Sjá 6. mgr. og 11. nmgr. hér á undan.

<sup>(34)</sup> Ákvæði 6. mgr. 11. gr. að viðbættum ákvæðum 3. og 4. mgr. 40. gr. II. kafla eiga aðeins að koma í veg fyrir að 53. og 54. gr. EES-samningsins sé beitt samhliða af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og landsdómstóls þegar slíkur dómstóll hefur verið tilnefndur sem samkeppnisyfirlit landsins.

<sup>(35)</sup> Þegar landsdómstólar beita valdheimildum sínum samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins ber þeim jafnframt að taka tillit til valdheimilda framkvæmdastjórnarinnar til þess að forðast að taka ákvarðanir sem eru í andstöðu við ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur tekið eða hefur til athugunar að taka, mál C-234/89, Delimitis [1991] ECR I-935, 47. mgr.

12. Ef ákvörðun landsdómstóls er tekin á undan ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA ber að haga henni með þeim hætti að hún stangist ekki á við væntanlega ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar <sup>(36)</sup>. Landsdómstóllinn getur í þessu skyni spurt eftirlitsstofnunina hvort hún hafi tekið upp mál í tengslum við sömu samninga, ákvarðanir eða aðgerðir <sup>(37)</sup>, og þá hvernig málsmeðferðinni miði og hversu líklegt sé að ákvörðun verði tekin í málinu <sup>(38)</sup>. Landsdómstólum er einnig heimilt að fresta málsmeðferð þar til eftirlitsstofnunin hefur tekið ákvörðun, telji hann það nauðsynlegt af réttaröryggisástæðum <sup>(39)</sup>. Eftirlitsstofnunin mun að sínu leyti leitast við að láta þau mál ganga fyrir sem hún hefur ákveðið að fella undir málsmeðferð í skilningi 1. mgr. 2. gr. III. kafla samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól (nefnist hér á eftir „III. kafli“) og eru jafnframt til meðferðar fyrir landsdómstóli sem frestað hefur málsmeðferð á þennan hátt, einkum ef niðurstaða í einkamáli veltur á þeim. Ef landsdómstóllinn hefur enga skynsamlega ástæðu til að efast um væntanlega niðurstöðu eftirlitsstofnunarinnar eða eftirlitsstofnunin hefur þegar tekið ákvörðun í svipuðu máli getur hann þó dæmt í málinu sem fyrir liggur í samræmi við væntanlega ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar eða eldri ákvörðun, án þess að nauðsynlegt sé að leita til stofnunarinnar um ofangreindar upplýsingar eða biða niðurstöðu hennar.
13. Ef Eftirlitsstofnun EFTA tekur ákvörðun í tilteknu máli sem liggur fyrir landsdómstólum er honum óheimilt að taka ákvörðun sem stangast á við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar. Þessi bindandi áhrif ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar eru að sjálfsögðu með fyrirvara um túlkun EFTA-dómstólsins á ákvæðum EES-réttar. Ef landsdómstóllinn efast um lögmæti ákvörðunar, sem eftirlitsstofnunin hefur tekið, getur hann því ekki komist undan bindandi áhrifum þeirrar ákvörðunar nema fyrir liggja gagnstætt álit EFTA-dómstólsins <sup>(40)</sup>. Ef landsdómstóll hyggst taka ákvörðun sem stangast á við ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar verður hann því að leita eftir ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins á úrlausnarefninu (sbr. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól). Síðarnefndi dómstóllinn tekur þá afstöðu til þess hvort ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar samrýmist ákvæðum EES-réttar. Ef ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar er vefengd fyrir EFTA-dómstólum í samræmi við 36. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól og niðurstaða málsins, sem liggur fyrir landsdómstólum, veltur á réttmæti ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar skal landsdómstóllinn þó fresta málsmeðferð þar til EFTA-dómstóllinn hefur fellt endanlegan dóm í ógildingarmálinu, nema hann telji að málsástæður réttlæti að leitað sé álits EFTA-dómstólsins um réttmæti ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar (sbr. 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól) <sup>(41)</sup>.
14. Ef landsdómstóll frestar málsmeðferð, til að mynda meðan beðið er ákvörðunar eftirlitsstofnunarinnar (sbr. 12. mgr. þessarar tilkynningar) eða endanlegrar niðurstöðu EFTA-dómstólsins í ógildingarmáli eða í kjölfar beiðni um ráðgefandi álit (sbr. 13. mgr.), ber honum að taka til athugunar hvort nauðsynlegt sé að kveða á um bráðabirgðaráðstafanir í því skyni að tryggja hagsmuni málsaðila <sup>(42)</sup>.

### III. SAMSTARF EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA OG LANDSDÓMSTÓLA

15. Mælt er fyrir um samstarf landsdómstóla og EFTA-dómstólsins í 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól, en að öðru leyti eru engin ákvæði í meginmáli EES-samningsins og samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól sem varða beint samstarf landsdómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA. Samkvæmt 3. gr. EES-samningsins, sem er sniðin eftir 10. gr. EB-sáttmálans og geymir að mestu sömu ákvæði, ber samningsaðilum aftur á móti að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem af EES-samningnum leiðir. Dómstólar Evrópubandalaganna hafa túlkað 10. gr. EB-sáttmálans á þann veg að hann leggi

<sup>(36)</sup> Sjá 1. mgr. 16. gr. II. kafla.

<sup>(37)</sup> Eftirlitsstofnunin stofnar til málsmeðferðar í því skyni að taka ákvörðun í samræmi við 7.–10. gr. II. kafla (sjá 2. mgr. 2. gr. III. kafla). Samkvæmt dómafrákvæmd Evrópu dómstólsins felur upphaf málsmeðferðar í sér stjórnvaldsathöfn framkvæmdastjórnarinnar sem gefur til kynna að hún hyggist taka ákvörðun (mál 48/72 Brasserie de Haecht [1973] ECR 77, 16. mgr.).

<sup>(38)</sup> Mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 53. mgr., og sameinuð mál C-319/93, C-40/94 og C-224/94 Dijkstra [1995] ECR I-4471, 34. mgr. Sjá einnig um þetta atriði 21. mgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(39)</sup> Sjá 1. mgr. 16. gr. II. kafla og mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 47. mgr., og mál C-344/98 Masterfoods [2000] ECR I-11369, 51. mgr.

<sup>(40)</sup> Mál 314/85 Foto-Frost [1987] ECR 4199, 12.–20. mgr.

<sup>(41)</sup> Sjá 1. mgr. 16. gr. II. kafla og mál C-344/98 Masterfoods [2000] ECR I-11369, 52.–59. mgr.

<sup>(42)</sup> Mál C-344/98 Masterfoods [2000] ECR I-11369, 58. mgr.

grundvallarstofnunum Evrópusambandsins og aðildarríkjunum á herðar þá gagnkvæmu skyldu að hafa með sér dyggt samstarf um að ná markmiðum EB-sáttmálans. Þannig leiðir af 10. gr. EB-sáttmálans að framkvæmdastjórninni ber að liðsinna landsdómstólum þegar þeir beita ákvæðum bandalagsréttar<sup>(43)</sup>. Það er álit eftirlitsstofnunarinnar að henni sé á sama hátt skylt að sinna dyggu samstarfi við landsdómstóla í EFTA-ríkjunum á grundvelli samsvarandi ákvæða í 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Landsdómstólum getur einnig borið skylda til að liðsinna eftirlitsstofnuninni við verkefni hennar<sup>(44)</sup>.

16. Hér er einnig viðeigandi að rifja upp samstarf landsdómstóla og yfirvalda í EFTA-ríkjunum, einkum samkeppnisyfirvalda, í tengslum við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Þótt um samstarf þessara landsyfirvalda fari fyrst og fremst eftir ákvæðum landsréttar er kveðið á um það í 3. mgr. 15. gr. II. kafla að samkeppnisyfirvöldum í EFTA-ríkjunum sé heimilt að leggja athugasemdir fyrir landsdómstóla í eigin EFTA-ríki. Um slík erindi gilda ákvæði 31., 33., 34. og 35. mgr. þessarar tilkynningar, að breyttu breytanda.

A. EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SEM *AMICUS CURIAE*

17. Í því skyni að liðsinna landsdómstólum við beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins skuldbindur Eftirlitsstofnun EFTA sig til að veita landsdómstólum aðstoð hvenær sem þeir telja að slík aðstoð sé nauðsynleg til að unnt sé að komast að niðurstöðu í tilteknu máli. Algengustu tegundir slíks liðsinnis eru nefndar í 15. gr. II. kafla, en það eru upplýsingagjöf (21.–26. mgr. hér á eftir) og álit Eftirlitsstofnunar EFTA (27.–30. mgr. hér á eftir), hvorttveggja að beiðni landsdómstóls, og heimild eftirlitsstofnunarinnar til að leggja fram athugasemdir (31.–35. mgr. hér á eftir). Þar eð kveðið er á um þessar tegundir liðsinnis í II. kafla er EFTA-ríkjunum óheimilt að takmarka slíkt liðsinni með eigin reglum. Hins vegar er engum málsmeðferðarreglum til að dreifa á þessu sviði á vettvangi EES en nauðsynlegt er að hafa slíkar reglur til að auðvelda liðsinni af þessu tagi, og verða EFTA-ríkin því að taka upp viðeigandi málsmeðferðarreglur í því skyni að gera bæði landsdómstólum og eftirlitsstofnuninni kleift að nýta til fulls heimildirnar sem mælt er fyrir um í II. kafla<sup>(45)</sup>.

18. Landsdómstólar geta sent beiðnir um liðsinni skriflega á eftirfarandi pósthfang:

EFTA Surveillance Authority  
Rue Belliard 35  
B-1040 Brussel/Bruxelles  
Belgium

eða rafrænt á eftirfarandi netfang:

[registry@eftasurv.int](mailto:registry@eftasurv.int)

19. Áréttað skal að Eftirlitsstofnun EFTA mun virða sjálfstæði landsdómstóla hvernig sem samstarfinu við þá verður háttáð. Af því leiðir að liðsinni eftirlitsstofnunarinnar bindur ekki hendur landsdómstólsins. Eftirlitsstofnunin verður einnig að ganga úr skugga um að hún brjóti ekki gegn ákvæðum um þagnarskyldu og að hún standi vörð um starfsemi sína og sjálfstæði<sup>(46)</sup>. Þegar eftirlitsstofnunin framfylgir þeirri skyldu sinni samkvæmt 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól að liðsinna landsdómstólum við beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins mun hún gæta fyllsta hlutleysis og hlutlægis. Liðsinni eftirlitsstofnunarinnar við landsdómstóla er raunar spröttið af þeirri skyldu að verja almannahagsmunum. Stofnunin hefur því ekki í hyggju að þjóna einkahagsmunum aðila að máli sem er rekið fyrir landsdómstólum. Af þeim sökum mun eftirlitsstofnunin ekki gefa málsaðilum færi á að tjá sig um liðsinni hennar við landsdómstólinn. Berist eftirlitsstofnuninni erindi frá aðila að máli, sem er rekið fyrir landsdómstólum, í tengslum við málefni sem dómstóllinn hefur til umfjöllunar mun hún greina landsdómstólum frá því óháð því hvort slík erindi berast á undan eða á eftir beiðni landsdómstólsins um samstarf.

<sup>(43)</sup> Mál C-2/88 Imm Zwartveld [1990] ECR I-3365, 16.–22. mgr., og mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 53. mgr.

<sup>(44)</sup> C-94/00 Roquette Frères [2002] ECR 9011, 31. mgr.

<sup>(45)</sup> Um það hvernig slíkar málsmeðferðarreglur einstakra ríkja samrýmast almennum sjónarmiðum EES-réttar sjá 9. og 10. mgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(46)</sup> Um þessar skyldur sjá t.d. 23.–26. mgr. þessarar tilkynningar.

20. Yfirlit um samstarf Eftirlitsstofnunar EFTA við landsdómstóla samkvæmt þessari tilkynningu verður birt í ársskýrslu stofnunarinnar. Álit og athugasemdir eftirlitsstofnunarinnar kunna einnig að birtast á vefsetri hennar.
1. *Skylda Eftirlitsstofnunar EFTA að senda landsdómstólum upplýsingar*
21. Sú skylda Eftirlitsstofnunar EFTA að liðsinna landsdómstólum við beitingu EES-samkeppnisréttar kemur einkum fram í þeirri skyldu að senda landsdómstólum upplýsingar sem eru í förum hennar. Landsdómstóll getur til að mynda beðið eftirlitsstofnunina um gögn sem hún hefur undir höndum eða upplýsingar um málsmeðferð sem geta leitt í ljós hvort tiltekið mál biður umfjöllunar hjá stofnuninni, hvort hún hefur tekið upp mál eða niðurstaða stofnunarinnar er fengin. Landsdómstóll getur einnig spurt eftirlitsstofnunina hvenær vænta megi ákvörðunar til þess að unnt sé að áætla hvort slík ákvörðun geti tafið málsmeðferð eða hvort nauðsynlegt sé að grípa til bráðabirgðaráðstafana <sup>(47)</sup>.
22. Til þess að tryggja skilvirkt samstarf við landsdómstóla mun Eftirlitsstofnun EFTA leitast við að láta þeim í té gögn, sem óskað er eftir, áður en mánuður er liðinn frá því að beiðni þess efnis berst stofnuninni. Reynist nauðsynlegt að óska frekari skýringa á beiðninni frá landsdómstólum eða ráðgjafi við þá sem upplýsingarnar varða beint skal telja frestinn frá þeim degi sem eftirlitsstofnunin fær þær upplýsingar í hendur.
23. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA afhendir landsdómstólum upplýsingar ber henni að virða þá vernd sem einstaklingum og lögaðilum er tryggð með ákvæðum 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(48)</sup>. Samkvæmt 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól eru eftirlitsfulltrúar eftirlitsstofnunar EFTA, embættismenn og aðrir starfsmenn hennar bundnir þagnarskyldu um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra. Samkvæmt 122. gr. EES-samningsins skulu fulltrúar, sendimenn og sérfræðingar samningsaðila, svo og embættismenn og aðrir starfsmenn, bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra og kostnaðarþætti. Einnig er kveðið á um þessa skyldu í 28. gr. í II. kafla. Upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu, geta verið bæði trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál. Viðskiptaleyndarmál eru upplýsingar sem eru þess eðlis að hætt er við að hagsmunir þess, sem leggur þær fram, skaðist ekki aðeins ef þær eru birtar opinberlega heldur einnig ef þær eru afhentar öðrum <sup>(49)</sup>.
24. Þótt ákvæði 3. og 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól séu lesin saman leiðir ekki af því algert bann við því að Eftirlitsstofnun EFTA afhendi landsdómstólum upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Rétt eins og dómafrákvæmd dómstóla Evrópubandalaganna staðfestir skyldu framkvæmdastjórnarinnar til að sinna dyggu samstarfi er það álit eftirlitsstofnunarinnar að af skyldu hennar til að sinna dyggu samstarfi leiði að henni beri að afhenda landsdómstóli allar þær upplýsingar sem hann leitar eftir, einnig upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Þegar eftirlitsstofnunin liðsinnir landsdómstólum með þessum hætti er henni þó óheimilt að grafa undan þeim tryggingum sem mælt er fyrir um í 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.
25. Áður en Eftirlitsstofnun EFTA afhendir landsdómstóli upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu mun hún því minna dómstólinn á þá skyldu hans samkvæmt EES-rétti að virða réttindin sem einstaklingum og lögaðilum eru tryggð með ákvæðum 122. gr. EES-samningsins og 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól og spyrja dómstólinn hvort hann geti tryggt og muni tryggja vernd trúnaðarupplýsinga og viðskiptaleyndarmála. Ef landsdómstóllinn getur ekki veitt slíka tryggingu skal eftirlitsstofnunin ekki afhenda honum þær upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu <sup>(50)</sup>. Eftirlitsstofnunin mun ekki afhenda umbeðnar upplýsingar fyrir en

<sup>(47)</sup> Mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 53. mgr., og sameinuð mál C-319/93, C-40/94 og C-224/94 Dijkstra [1995] ECR I-4471, 34. mgr.

<sup>(48)</sup> Mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 53. mgr.

<sup>(49)</sup> Mál T-353/94 Postbank [1996] ECR II-921, 86.–87. mgr., og mál 145/83 Adams [1985] ECR 3539, 34. mgr.

<sup>(50)</sup> Mál C-2/88 Zwartveld [1990] ECR I-4405, 10. og 11. mgr., og mál T-353/94 Postbank [1996] ECR II-921, 93. mgr.

landsdómstóllinn hefur veitt tryggingu fyrir því að hann muni vernda trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál og verður þá tekið fram hvaða hlutar upplýsinganna falli undir þagnarskyldu og hvaða hlutar falli ekki undir þagnarskyldu með þeim afleiðingum að þá megi birta.

26. Fleiri undantekningar eru frá því að Eftirlitsstofnun EFTA geti afhent landsdómstólum gögn. Einkum getur gerst að eftirlitsstofnunin neiti landsdómstólum um gögn vegna þungvægari ástæðna sem varða þá nauðsyn að standa vörð um EES-hagsmuni eða forðast að starfsemi og sjálfstæði stofnunarinnar sé stefnt í hættu, og einkum að henni sé gert erfitt um vik að sinna verkefnum sem henni hafa verið falin <sup>(51)</sup>. Eftirlitsstofnunin mun því ekki afhenda landsdómstólum gögn sem umsækjandi um niðurfellingu eða lökkun viðurlaga hefur afhent sjálfviljugur nema með samþykki þess umsækjanda.

2. *Beiðni um álit um úrlausnarefni sem varða beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins*

27. Þegar beiting samkeppnisreglna EES-samningsins kemur til kasta landsdómstóls í máli sem hann hefur til umfjöllunar getur hann fyrst tekið mið af dómaframkvæmd EFTA-dómstólsins, EES-rétti og ákvörðunum, tilkynningum og leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA sem varða beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins <sup>(52)</sup>, auk viðeigandi dómaframkvæmdar og ákvarðana dómstóla Evrópubandalaganna og framkvæmdastjórnarinnar er varða beitingu EES-réttar og samsvarandi ákvæða bandalagsréttar. Reynist ekki unnt að hafa fullnægjandi leiðsögn af þessum réttarheimildum getur landsdómstóllinn beið eftirlitsstofnunina um álit um úrlausnarefni sem varða beitingu samkeppnisreglna EES-samningsins. Landsdómstóllinn getur beið eftirlitsstofnunina um álit um efnahagsleg atriði, staðreyndir og lagaatriði <sup>(53)</sup>. Hið síðastnefnda er að sjálfsögðu með fyrirvara um rétt eða skyldu landsdómstólsins til að óska eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um túlkun eða gildi EES-réttar í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól.

28. Eftirlitsstofnun EFTA kann að óska eftir frekari gögnum frá landsdómstólum til þess að geta skilað honum gagnlegu áliti <sup>(54)</sup>. Til þess að tryggja skilvirkt samstarf við landsdómstóla mun eftirlitsstofnunin leitast við að láta dómstólunum í té álit, sem þeir óska eftir, áður en fjórir mánuðir eru liðnir frá því að beiðni þess efnis berst stofnuninni. Hafi eftirlitsstofnunin óskað eftir frekari gögnum frá landsdómstólum í tengslum við gerð álitsins telst þessi frestur hefjast þegar þau gögn berast.

29. Eftirlitsstofnun EFTA mun í áliti sínu binda sig við að veita landsdómstólum þær upplýsingar um staðreyndir eða þær efnahagslegu eða lagalegu skýringar sem óskað er eftir án þess að taka til efnislegrar skoðunar umfjöllunarefnið sem liggur fyrir landsdómstólum. Jafnframt er landsdómstóllinn ekki bundinn lagalega af áliti eftirlitsstofnunarinnar.

30. Í samræmi við það sem sagt er í 19. mgr. þessarar tilkynningar mun Eftirlitsstofnun EFTA ekki gefa málsaðilum færi á að tjá sig áður en hún tekur saman álitid fyrir landsdómstólinn. Landsdómstóllinn verður að fara með álit eftirlitsstofnunarinnar í samræmi við viðeigandi réttarfarsreglur landsréttar, en þær verða að samrýmast grundvallarreglum EES-réttar.

3. *Athugasemdir sem Eftirlitsstofnun EFTA leggur fram hjá landsdómstólum*

31. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. II. kafla er samkeppnisfyrvöldum í EFTA-rikkjunum og Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að leggja fyrir landsdómstól athugasemdir um beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins ef beiting þessara ákvæða kemur til kasta dómstólsins. Í II. kafla er greint á milli skriflegra athugasemda, sem samkeppnisfyrvöld í EFTA-rikkjunum og eftirlitsstofnunin geta lagt fram að eigin frumkvæði, og munnlegra athugasemda, sem aðeins er heimilt að leggja fram með leyfi hlutaðeigandi dómstóls <sup>(55)</sup>.

<sup>(51)</sup> Mál C-2/88 Zwartveld [1990] ECR I-4405, 10. og 11. mgr., mál C-275/00 First og Franex [2002] ECR I-10943, 49. mgr., og mál T-353/94 Postbank [1996] ECR II-921, 93. mgr.

<sup>(52)</sup> Sjá 8. mgr. þessarar tilkynningar.

<sup>(53)</sup> Mál C-234/89 Delimitis [1991] ECR I-935, 53. mgr., og sameinuð mál C-319/93, C-40/94 og C-224/94 Dijkstra [1995] ECR I-4471, 34. mgr.

<sup>(54)</sup> Samanber mál 96/81 framkvæmdastjórnin gegn Hollandi [1982] ECR 1791, 7. mgr., og mál 272/86 framkvæmdastjórnin gegn Grikklandi [1988] ECR 4875, 30. mgr.

<sup>(55)</sup> Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. II. kafla hefur þetta ekki áhrif á viðtækari valdheimildir til handa samkeppnisfyrvöldum í EFTA-rikkjunum samkvæmt lögum viðkomandi EFTA-riks til að skila athugasemdum til dómstóla.

32. Í II. kafla er tekið fram að Eftirlitsstofnun EFTA muni aðeins leggja fram athugasemdir þegar þess gerist þörf vegna samræmdrar beitingar 53. eða 54. gr. EES-samningsins. Þar eð þetta er markmiðið með því að leggja athugasemdirnar fram mun eftirlitsstofnunin takmarka þær við þau efnahagslegu og lagalegu atriði sem liggja til grundvallar málinu sem landsdómstóllinn hefur til umfjöllunar.
33. Til þess að Eftirlitsstofnun EFTA geti lagt fram gagnlegar athugasemdir kunna landsdómstólar að vera beðnir um að afhenda eftirlitsstofnuninni, eða sjá til þess að hún fái afhent, afrit af öllum skjölum sem hún þarf á að halda við mat á málinu. Í samræmi við annan undirlið 3. mgr. 15. gr. II. kafla mun Eftirlitsstofnun EFTA aðeins nota þessi skjöl til undirbúnings athugasemdum sem hún leggur fram <sup>(56)</sup>.
34. Þar eð II. kafli hefur ekki að geyma reglur um málsmeðferð við gerð athugasemda ræðst málsmeðferðin af reglum og venjum EFTA-ríkjana á því sviði. Ef engum slíkum reglum er til að dreifa í tilteknu EFTA-ríki verður landsdómstóllinn að ákvarða hvaða málsmeðferðarreglur sé rétt að nota vegna athugasemda sem lagðar eru fram í máli sem hann hefur til umfjöllunar.
35. Málsmeðferðarreglurnar skulu miðast við sjónarmiðin sem mælt er fyrir um í 10. mgr. þessarar tilkynningar. Af því leiðir meðal annars að málsmeðferðarreglur vegna athugasemda um atriði, sem varða beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins,
- verða að samrýmast grundvallarreglum EES-réttar, einkum grundvallarréttindum málsaðila,
  - mega ekki gera framlagningu slíkra athugasemda torvelda um of eða óframkvæmanlega í reynd (reglan um skilvirkni) <sup>(57)</sup>, og
  - mega ekki gera framlagningu slíkra athugasemda erfiðari en þegar um ræðir athugasemdir í dómsmálum sem varða hliðstæð ákvæði landsréttar (jafngildisreglan).

**B. AÐSTOÐ LANDSDÓMSTÓLA Í TENGLUM VIÐ ÞAÐ HLUTVERK EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA AÐ FRAMKVÆMA SAMKEPPNISREGLUR EES-SAMNINGSINS**

36. Þar eð sú skylda að sinna dyggu samstarfi felur einnig í sér að stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum ber að liðsinna Eftirlitsstofnun EFTA við að ná markmiðum EES-samningsins <sup>(58)</sup> eru talin upp í II. kafla eftirtalin þrjú dæmi um slíkt liðsinni: 1) afhending skjala sem eftirlitsstofnunin þarf á að halda við mat á máli sem hún hyggst leggja fram athugasemdir við (sjá 33. mgr.), 2) afhending dóma sem varða beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins og 3) hlutverk landsdómstóla í tengslum við vettvangsathugun eftirlitsstofnunarinnar.

*1. Afhending dóma landsdómstóla sem varða beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins*

37. Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. II. kafla ber EFTA-ríkjunum að senda Eftirlitsstofnun EFTA afrit af sérhverjum skriflegum dómi landsdómstóla um beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins án tafar eftir að dómurinn hefur verið birtur málsaðilum í heild. Afhending dóma landsdómstóla um beitingu 53. eða 54. gr. EES-samningsins og upplýsingar, sem þannig fást um málarekstur fyrir landsdómstólum, nýtast eftirlitsstofnuninni fyrst og fremst til að fréttá tímanlega af málum sem ástæða gæti verið til að leggja fram athugasemdir um þegar einn málsaðila áfrýjar málinu.

*2. Hlutverk landsdómstóla í tengslum við vettvangsathugun Eftirlitsstofnunar EFTA*

38. Loks geta landsdómstólar haft hlutverki að gegna í tengslum við vettvangsathugun Eftirlitsstofnunar EFTA gagnvart fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja. Hlutverk landsdómstóla ræðst af því hvort athuganirnar fara fram í starfsstöð fyrirtækis eða utan hennar.

<sup>(56)</sup> Sjá einnig 2. mgr. 28. gr. II. kafla sem bannar Eftirlitsstofnun EFTA að láta af hendi upplýsingar sem hún hefur undir höndum og falla undir þagnarskyldu.

<sup>(57)</sup> Sameinuð mál 46/87 og 227/88 Hoechst [1989] ECR, 2859, 33. mgr. Sjá einnig 3. mgr. 15. gr. II. kafla.

<sup>(58)</sup> Mál C-69/90 framkvæmdastjórnin gegn Ítalíu [1991] ECR 6011, 15. mgr.



39. Þegar um ræðir vettvangsathugun í starfsstöð fyrirtækis kann að vera skylt samkvæmt landslögum að leita heimildar landsdómstóls fyrir því að eftirlitsyfirvald í landinu veiti Eftirlitsstofnun EFTA liðsinni ef hlutaðeigandi fyrirtæki leggst gegn athuguninni. Einnig getur hugsast að slíkrar heimildar sé leitað í varúðarskyni. Það er í valdi landsdómstóls, sem fjallar um slíka beiðni, að kanna hvort ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um vettvangsathugun er ósvikin og fyrirhugaðar þvingunarráðstafanir hvorki handahófskenndar né óþarflega strangar með hliðsjón af tilefni athugunarinnar. Þegar landsdómstóllinn kannar hvort þvingunarráðstafanir séu hæfilega strangar getur hann leitað nánari skýringa hjá eftirlitsstofnuninni, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalds í landinu, einkum að því er varðar ástæður fyrir grunsemdum eftirlitsstofnunarinnar um brot á 53. og 54. gr. EES-samningsins og um það hversu alvarlegt meint brot er og hvernig hlutaðeigandi fyrirtæki tengist málinu <sup>(59)</sup>.
40. Að því er varðar athugun utan starfsstöðvar fyrirtækis er kveðið á um það í II. kafla að heimild landsdómstóls þurfi til áður en unnt er að fylgja eftir ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að fyrirskipa slíka athugun. Það er þá í valdi landsdómstólsins að kanna hvort ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar um athugunina er ósvikin og fyrirhugaðar þvingunarráðstafanir hvorki handahófskenndar né óþarflega strangar, einkum með hliðsjón af því hversu alvarlegt meint brot er, hversu mikilvægt er talið að afla gagnanna, hvernig hlutaðeigandi fyrirtæki tengist málinu og hvort skynsamlegar líkur eru taldar á því að bækur og skrár, sem varða tilefni athugunarinnar, sé að finna í starfsstöðinni sem leitað er eftir heimild til að skoða. Landsdómstóllinn getur leitað nánari skýringa hjá eftirlitsstofnuninni, beint eða fyrir milligöngu samkeppnisyfirvalds í landinu, um þau atriði sem hann þarf á að halda til að geta kannað hvort hinar fyrirhuguðu þvingunarráðstafanir séu hæfilega strangar <sup>(60)</sup>.
41. Í báðum þeim tilvikum, sem um getur í 39. og 40. mgr., er landsdómstólum hvorki heimilt að vefengja lögmæti ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA eða að athugin sé nauðsynleg, né að krefjast gagna úr fornum eftirlitsstofnunarinnar <sup>(61)</sup>. Vegna skyldunnar að sinna dyggu samstarfi ber landsdómstólum ennfremur að taka ákvörðun sína innan tímamarka sem eru hæfileg með tilliti til þess að eftirlitsstofnunin geti framkvæmt vettvangsathugunina á skilvirkan hátt <sup>(62)</sup>.

#### IV. LOKAÁKVÆÐI

42. Tilkynning þessi er gefin út í því skyni að auðvelda landsdómstólum beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins. Hún er ekki bindandi fyrir landsdómstóla og er með fyrirvara um réttindi og skyldur EFTA-ríkjanna, einstaklinga og lögaðila samkvæmt EES-rétti.
43. Tilkynning þessi kemur í stað tilkynningar frá 1995 um samvinnu milli innlendra dómstóla og Eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins <sup>(63)</sup>.

<sup>(59)</sup> Sjá 6.–8. mgr. 20. gr. II. kafla og mál C-94/00 Roquette Frères [2002] ECR 9011.

<sup>(60)</sup> Sjá 3. mgr. 21. gr. II. kafla.

<sup>(61)</sup> Mál C-94/00 Roquette Frères [2002] ECR 9011, 39. mgr. og 62.–66. mgr.

<sup>(62)</sup> Sjá einnig sama mál, 91. og 92. mgr.

<sup>(63)</sup> Stjótd. EB C 112, 4.5.1995, bls. 7, og EES-viðbætur við Stjótd. ESB nr. 16, 4.5.1995, bls. 1.

## VIÐAUKI

**GERÐIR SEM SAMSVARA HÓPUNDANÞÁGUREGLUGERÐUM EVRÓPU-BANDALAGSINS SEM UM GETUR Í XIV. VIÐAUKA VIÐ EES-SAMNINGINN OG SKÝRANDI TILKYNNINGUM EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA**

Eftirfarandi skrá er einnig birt og uppfærð á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA:  
[www.efasurv.int/fieldswork/fieldcompetition/otherpublications/dbaFile1127.html](http://www.efasurv.int/fieldswork/fieldcompetition/otherpublications/dbaFile1127.html)

**A. Reglur sem varða allar atvinnugreinar***1. Almennar tilkynningar*

